



FFSÍ

FARMANNA- OG
FISKIMANNASAMBAND ÍSLANDS

Borgartúni 18 - 105 Reykjavík - Sími 562 9933 - Fax 562 9934

Alþingi

Erindi nr. P 127/2003

komudagur 22.4.2002

Nefndasvið Alþingis,
Sjávarútvegsnefnd,
Austurstræti 8-10,
105 Reykjavík.

Reykjavík 19. apríl 2002

Efni: Umsögn um breytingu á lögum nr. 54 16. maí 1992 um fullvinnslu botniskafla um borð í veiðiskipum.

Ef þetta frumvarp nær fram að ganga mun frystitogaraútgerð á Íslandsmiðum fljótlega heyra sögunni til. Frumvarpið ber ótvíræðan vott um þekkingarleysi flutningsmanna á þeim möguleikum sem fyrir hendi eru í íslenska frystiskipaflotanum.

Hvað sem líður aðlögunarfresti þá er það samt sem áður staðreynd að íslenskir frystitogarar eru heilt yfir engan veginn í stakk búnir, eða yfirleitt þannig úr garði gjörðir, að nokkur glóra sé í að setja lög sem skylda þá til að koma með í land allt sem inn fyrir kemur.

Aðstæður til að uppfylla þær kröfur sem frumvarpið gerir ráð fyrir eru ekki til staðar og geta aldrei orðið til staðar með þeim skipakosti sem við Íslendingar höfum yfir að ráða. Þetta er grundvallaratriði sem skilyrðislaust verður að hafa í huga áður en hafist er handa við samningu frumvarps að þeim toga sem hér um ræðir.

Virðingarfyllst,
F.h.Farmanna og Fiskimannasambands Íslands

Árni Bjarnason, forseti.